

1777

Föstudaginn 6. nóvember 1992.

Nr. 33/1992. **Ákærvaldið**

gegn

Þorsteini Gíslasyni.

Kærumál. Dómsátt felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. þágildandi laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. janúar 1992. Hann krefst þess, að hin kærða dómsátt verði felld úr gildi.

Varnaraðili kom fyrir héraðsdóm Vesturlands 16. september 1992 og var kynnt kæra ríkissaksóknara. Hann gerir ekki athugasemd við kröfu ákærvaldsins.

Með hinni kærðu dómsátt gekkst varnaraðili undir greiðslu sektar, að fjárhæð 50.000 krónur, og að sæta sviptingu ökuleyfis í þrjú ár. Var brot hans talið varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 1. mgr. 100. gr. og 3. mgr. 102. gr. sömu laga.

Varnaraðili gekkst undir dómsátt vegna sams konar brots 16. mars 1990. Hann var þá 17 ára gamall. Varnaraðili hefur eigi sætt öðrum refsingum.

Samkvæmt 1. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hefur fyrra brot varnaraðila ekki ítrekunaráhrif á það brot, er hin kærða dómsátt tók til. Fallast verður á það með ríkissaksóknara, að varnaraðili hafi gengist undir fjarstæð málalok með henni, sbr. 2. mgr. 102. gr. umferðarlaga. Ber því að fella dómsáttina úr gildi samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 1. mgr. 199. gr. nógildandi laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

D ó m s o r ð:

Hin kærða dómsátt er úr gildi felld.